Til: Skipulagsdeildar Kopavogsbæjar

Efni: Umsögn um stækkun tennis-aðstöðu Tennisfélags Kopavogs

Góðan daginn,

Ég, undirrituð, skrifa þetta bréf fyrir hönd Tennisfélags Kópavogs (TFK).

Áhugi Íslendinga á tennis, og þá sérstaklega þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu, hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum og í dag er staðan þannig að meðlimir geta þurft að bíða vikum saman eftir því að bóka tíma sem hentar. Þessi mikli áhugi er vitnisburður um harða vinnu og helgun allra sem koma að málum Tennishallarinnar. Vegna þessa góða árangurs er svo komið að núverandi aðstaða okkar er ekki lengur nægjanleg til að mæta vaxandi eftirspurn.

Lausnin á þessu er til staðar og felst í því að stækka núverandi aðstöðu okkar, sérstaklega með því að bæta við fleiri padel völlum og síðar vonandi fleiri tennisvöllum. Þessi stækkun mun ekki aðeins mæta núverandi eftirspurn, heldur einnig stuðla að frekari vexti í tennis og padel meðal barna & unglinga, og stuðla þannig að langtíma heilbrigði og samkeppnishæfni þessara íþrótta á Íslandi. Hér má nefna að það eru fáar skemmtiíþróttir eins og tennis og padel sem geta fylgt fólki sem áhugamál langt fram eftir aldri og miklu lengur en flestar aðrar íþróttir sem eru í boði. Aðeins þarf að finna einn eða örfáa mótspilara, lítil hætta er á meiðslum og hægt er að spila þetta hvarvetna á ferðalögum.

Rekstur tennisklúbba er áskorun og við teljum að stækkunin muni til lengri tíma styrkja fjárhagslegan grundvöll fyrir allri starfsemi spaðaíþrótta í Kópavogsdalnum. Þetta mun gera okkur kleift að ekki aðeins viðhalda núverandi starfsemi heldur einnig að styðja enn frekar við barna og unglingastarf félagsins. Nú þegar eru hafnar unglingaæfingar í padel tennis innan merkis TFK og við búumst við að þær muni festa sig í sessi og eflast enn frekar með tilkomu fleiri valla. Það er vitað að margir táningar hætta í boltaíþróttum og mikilvægt að í boði séu aðrir valmöguleikar svo þessir táningar haldi íþróttaiðkun áfram.

Von okkar er að stækkun þessi passi við sýn sveitarfélagsins um að gera Kópavog að miðstöð spaðaíþrótta á Íslandi. Með því að styðja við þetta verkefni, er sveitarfélagið ekki aðeins að fjárfesta í íþróttinni, heldur einnig í heilsu og vellíðan allra þeirra sem spila þessa íþrótt í dag og allra þeirra sem hafa verið að bætast við, og munu bætast við í framtíðinni. Þá má nefna að Kópavogsdalurinn mun festa sig enn frekar í sessi sem

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

glæsilegasta íþrótta aðstaða landsins þar sem fjölbreyttum íþróttum er gert hátt undir höfði. Útlit er allt til fyrirmyndar og með því að nýta bílastæðið undir völlinn tryggjum við að svo verði áfram.

Við hjá Tennisfélagi Kópavogs styðjum heilshugar umsókn Tennishallarinnar um byggingarleyfi til að stækka tennis- og padel-aðstöðu okkar. Þetta verkefni er meira en uppbygging innviða; það er fjárfesting í framtíð íþróttarinnar og samfélagsins okkar.

Við hlökkum til jákvæðrar umfjöllunar um þessa tillögu og erum spennt að leggja okkar af mörkum til áframhaldandi vaxtar og árangurs tennis í Kópavogi.

Með vinsemd og virðingu

Rut Steinsen
Formaður Tennisfélag Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026